

**54. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
Mánudginn 12. ágúst 2024, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason. Kristófer Arnfjörð Tómasson, sviðsstjóri, boðaði forföll.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

Helgi Kjartansson, oddviti, tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

1. Framkvæmdir við Aratungu 2024 - 2405024

Beiðni sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs um framlag að fjárhæð kr. 3.000.000 vegna viðhalds á tröppum við Aratungu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefninu í forföllum sviðsstjóra. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun ársins vegna verkefnisins.

2. Viðhald skólastjórabústaðar (Mosar 1) Reykholti - 2401037

Beiðni sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs um framlag, kr. 5.000.000 vegna jarðvegsskipta, hellulagnar og frágangs við Mosa, Reykholti. Kostnaður við verkefnið, viðauki við fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir erindinu í forföllum sviðsstjóra. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í jarðvegsskipti.

Alls voru 17 millj.kr. áætlaðar í viðhald og endurbætur á húsnæðinu. Útlit er fyrir að verkið fari 3 millj.kr. framúr áætlun. Framkvæmda- og veitunefnd leggur því til við sveitarstjórn að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun alls að fjárhæð kr. 8 millj.kr.

3. Gata að Bjarkarbraut 1, Laugarvatni - 2306024

Erindi Kristófers Gautasonar, dags. 23.07.2024, þar sem farið er fram á að Bjarkarbraut verði malbikuð.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að fela sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs að áætla kostnað við verkefnið og leggja fyrir á næsta fundi.

4. Fyrirkomulag bakvakta hjá Bláskógaveitu - 2408005

Breytt fyrirkomulag bakvakta hjá Bláskógaveitu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir breyttu fyrirkomulagi bakvakta hjá Bláskógaveitu. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir breytt fyrirkomulag.

5. Hitaveita í sumarhúsahverfi við Grafará - 2011043

Erindi Þráins Hallgrímssonar, dags. 30.07.2024, um stöðu hitaveitumála í sumarhúsahverfi við Grafará.



Erindið var lagt fram. Sviðsstjóra er falið að kanna stöðu málsins.

6. Eftirlitsskýrslur HES 2024 - 2404078

Tilkynning Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 25.07.2024, um niðurstöðu sýnatöku úr heitum potti í sundlauginni í Reykholti.

Sýni sem tekið var uppfyllti ekki kröfur. Potturinn hefur verið sótthreinsaður og er bakskolaður reglulega.

7. Göngustígur frá Lindarbraut að Laugarbraut (Lindargarður) - 2308011

Samningur við Bergþór ehf, dags. 29.05.2024, um hellulögn (gangbrautir).


Lagður var fram verksamningur við Bergþór ehf um hellulögn upphækkaðra gangbrauta (hraðahindrana) og frágang meðfram stíg. Kostnaður við verkið rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Fundi slitið kl. 9:45.




Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson



Jón Forni Snæbjörnsson



Ásta Stefánsdóttir



Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson